

## Fyrirspurn

**til dómsmálaráðherra um tilkynningar skiptastjóra vegna rökstudds  
gruns um refsivert athæfi þrotamanns eða annarra.**

Frá Vilhjálmi Árnasyni.

1. Hver er fjöldi tilkynninga sem héraðssaksóknara bárust á árunum 2016–2022 frá skiptastjórum í þrotabúum vegna rökstudds gruns um refsivert athæfi þrotamanns eða annarra skv. 84. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991? Svar óskast sundurliðað eftir árum.
2. Hver er fjöldi þeirra tilkynninga sem bárust skv. 84. gr. laga nr. 21/1991 á árunum 2016–2022 sem leiddu til rannsóknar af hálfu ákæruvaldsins? Svar óskast sundurliðað eftir árum.
3. Hversu langur tími líður, að jafnaði, á milli þess dags er tilkynning skv. 84. gr. laga nr. 21/1991 er móttokin af héraðssaksóknara og þar til rannsókn hefst á grundvelli tilkynningarinnar?
4. Hver er fjöldi þeirra tilkynninga sem rannsakaðar voru á árunum 2016–2022 sem leiddu til ákæru? Svar óskast sundurliðað eftir árum.
5. Hversu margar ákærur sem lagðar voru fram árunum 2016–2022 leiddu til sakfellingar? Svar óskast sundurliðað eftir árum.

**Skriflegt svar óskast.**

---